

ISAVIA ohf

isavia@isavia.is

Pórolfur Árnason formaður stjórnar Isavia ohf - isavia@isavia.is

Björn Óli Hauksson forstjóri Isavia ohf - isavia@isavia.is

Friðþór Eydal talsmaður Isavia ohf - fridthor.eydal@isavia.is

Framkvæmdastjórn Samtaka um betri byggð (BB) ítrekar þá ósk sína frá 18.04.2013 að fá aðgang að faglegum skýrslum og greinargerðum, sem Isavia ohf kann að hafa látið gera til að greina nýtingarstuðla á flugvelli í Vatnsmýri og á fyrirhuguðu / hugsanlegu flugvallarstæði á Hólmsheiði, m.a. í tengslum við skýrslu Veðurstofu Íslands um veðurathuganir þar á árunum 2006-2012 (á hugsanlegu flugvallarstæði á Hólmsheiði).

Framkvæmdastjórn BB óskar þess sömuleiðis að Isavia ohf upplýsi einnig um öll önnur álitamál, sem nefnd eru í erindi samtakanna til Isavia frá 18.04.2013:

1. Framkvæmdastjórn BB óskar þess að Isavia ohf upplýsi hvaða innlendar og alþjóðlegar reglur eru lagðar til grundvallar við greiningu stofnunarinnar (Isavia ohf) á nýtingarstuðlum og öðru hæfi flugvalla almennt og sérstaklega í Vatnsmýri og á Hólmsheiði m.t.t. veðurfars og annara aðstæðna.
2. Framkvæmdastjórn BB óskar þess að að fá aðgang að niðurstöðum þeirra veðurfarsmælinga, sem Flugstoðum ohf (undanfara Isavia ohf) var falið að annast í samkomulagi Valdísar Óskarsdóttur borgarstjóra og Sturlu Böðvarssonar samgönguráðherra 2005, þ.e.s. mælingu á skýjahæð, skyggni og ókyrrð í lofti á og yfir hugsanlegu flugvallarstæði á Hólmsheiði.
3. Framkvæmdastjórn BB óskar þess að Isavia ohf upplýsi hvers vegna veðurfarsmælingar Flugstoða ohf á Hólmsheiði hafi ekki hafist fyrr en 2008, um 2 árum eftir að Veðurstofa Íslands hóf sinn hluta veðurfarsmælinganna árið 2006.
4. Framkvæmdastjórn BB óskar þess að Isavia ohf upplýsi hvers vegna tæki, sem sett voru upp á Hólmsheiði 2008 til að greina skýjahæð og skyggni, hafi verið tekin niður rúmu ári síðar.

Framkvæmdastjórn BB bendir ítrekað á að skýrslan „Flugvallarstæði á Hólmsheiði“, sem Isavia ohf veitti Samtökum um betri byggð aðgang að (sjá slóð hér að neðan*) þann 25. mars 2013, er með afar ófaglegum og áróðurskendum blæ. Hún er hvorki höfundargreind né dagsett og í henni er beitt glænýjum viðmiðum um leyfilegan hámarkshliðarvind á flugbrautum, sem ekki hafa sést fyrr, hvorki í tengslum við flugvöll í Vatnsmýri né hugsanlegt flugvallarstæði á Hólmsheiði.

Framkvæmdastjórn BB harmar enn og aftur að þessari ómarktæku skýrslu hefur verið misbeitt með sérlega grófum hætti á undanförunum vikum af hollvinasamtökum Vatnsmýrarflugvallar, aðstandendum nýlegrar skoðanakönnunar og öðrum öflum, sem telja sér hag í að varpa rýrð á flugvallarstæðið á Hólmsheiði, að því er virðist í þeim einum tilgangi í aðdraganda kosninga til Alþingis að festa flugvöll í Vatnsmýri í sessi og skaða þannig viðtæka almannahagsmuni.

Það er mat framkvæmdastjórnar BB að frekari tafir á því að Isavia ohf (opinbert hlutafélag í eigu almennings) birti svör við spurningunum hér að framan með rökstuddum og rekjanlegum hætti muni skaða almannahagsmuni.

Orðspor Isavia ohf og æðsta yfirmanns stofnunarinnar, innanríkisráðherra, gæti einnig skaðast ef svo liti út að óþörfu að þessi yfirvöld flugmála á Íslandi væru jafnvel með ófaglegum og ógagnsæjum vinnubrögðum að draga taum einka- og sérhagsmuna á kostnað víðtækra almannahagsmuna.

Framkvæmdastjórn BB ítrekar að hún hefur kynnt sér Upplýsingalög nr. 140 28. desember 2012 og komist að þeirri niðurstöðu að í þeim gögnum, sem nefnd eru hér að framan, felist ekkert sem gæti fallið undir 6. – 10. grein laganna um gögn, sem eru undanþegin upplýsingaskyldu.

*http://www.isavia.is/files/flugvallarstaedi_holmsheidi_nothaefisstudull.pdf

Reykjavík 26. apríl 2013

Virðingarfyllst,

Anna Ingólfssdóttir prófessor, í fr.kv.stj. BB – anna.ingolfsdottir@gmail.com

Gunnar H Gunnarsson verkfræðingur, í fr.kv.stj. BB – gunnarhjortur@simnet.is

Örn Sigurðsson arkitekt, í fr.kv.stj. BB – arkorn@simnet.is